

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 46. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 469 20. desember 1985.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. desember 1986 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar að svæði í Hellnahrauni sem áður var merkt „iðnaðarsvæði síðari tíma“ verður nú iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Hellnahrauni í Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. desember 1986 staðfest deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Hellnahrauni við Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.